

FRÆÐSLU- OG KYNNINGARNEFND SSÍ

Hlutverk starfsnefnda SSÍ

Stjórn SSÍ kallar eftir tilnefningum fulltrúa til starfa í nefndum á vegum SSÍ, frá kjörnefnd amk mánuði fyrir sundþing. Að auki skal stjórn SSÍ tilnefna formenn nefnda og sérstaka fulltrúa stjórnar í nefndir á fyrsta fundi sínum eftir sundþing. Starfsnefndir starfa í umboði stjórnar SSÍ í samræmi við lög og aðrar samþykktir Sundsambands Íslands og skal starfsmaður SSÍ eða einn stjórnarmaður yfirleitt taka sæti í hverri nefnd. Stjórn skipar einnig formenn nefnda og skulu starfsmenn SSÍ eða stjórnarmenn ekki gegna formennsku í starfsnefndum sambandsins nema sérstaklega standi á. Stjórn er heimilt að skipa nýja fulltrúa í nefndir í stað þeirra sem forfallast eða hætta störfum á starfstímabili. Hlutverk, starfssvið og umboð starfsnefnda skal skilgreint með sérstakri samþykkt. Stjórn SSÍ ber ábyrgð á starfi fastanefnda og skal setja nefndunum erindisbréf.

Hlutverk Fræðslu- og kynningarnefndar

er annast fræðslu starfsmanna, iðkenda og aðstandenda þeirra varðandi þjálfun, árangur og uppbyggingu. Nefndinni er heimilt að semja við aðra aðila um framkvæmd þessara verkefna með samþykki stjórnar SSÍ.

Þá er hlutverk nefndarinnar að vera stjórn SSÍ og þeim sem eru að byggja eða endurbæta sundíþróttasvæði til ráðuneytis og aðstoðar. Einnig á nefndin að hafa frumkvæði að athugun á laugum sem þegar eru í notkun til æfinga og keppni í sundíþróttum og kanna hvernig búnaður og umgjörð lauganna er. Nefndin fylgist með kröfum LEN og FINA um útbúnað keppnislauga og kemur þeim upplýsingum á framfæri við stjórn SSÍ og rekstraraðila sundlauga.

Einnig er hlutverk Fræðslu- og kynningarnefndar SSÍ er að afla fjár í tengslum við markaðssetningu sundíþróttarinnar í samvinnu við stjórn SSÍ. Einnig að efla umfjöllun um sund og þekkingu almennings á sundi. Nefndin skal hlúa að samskiptum SSÍ og samstarfsaðila, efla innra starf sundhreyfingarinnar og fyrirbyggja brottfall. Jafnframt skal nefndin skipuleggja atburði sem fanga athygli almennings og fjölmiðla.

Verkefni nefndarinnar eru í hnotskurn:

- að hafa forgöngu um skipulagningu námskeiða fyrir sundþjálfara
- að taka saman fræðslu- og kynningarefni fyrir sundfólk, þjálfara, stjórnir/starfsmenn sundfélaga og foreldra yngri sundmanna
- að koma fræðsluefni á framfæri við sundfólk m.a. með því að gefa sundfólki upp tilvísanir í annað efni innlent og erlent t.d. í gagnabönkum eða á vefnum
- að safna og miðla upplýsingum um kröfur LEN og FINA um útbúnað lauga
- að kanna og reglubundið og gefa SSÍ skýrslu um ástand og notkun æfinga- og keppnislauga á Íslandi
- að halda „Sunddaginn mikla“ í samvinnu við Almennings- og skólasundnefnd
- að standa að fjáröflun s.s. með sunddegi, útgáfumálum, útsendingum
- að útbúa kynningarefni og hafa umsjón með birtingu auglýsinga og kynningarefnis samstarfsaðila
- að afla nýrra samstarfsaðila til fjáröflunar
- að virkja afreksfólk úr sundhreyfingunni til að lágmarka brottfall yngri sundmanna

Nefndin skal koma reglulega saman. Nefndin sendir stjórn SSÍ fundargerðir um fundi sína og í lok árs skilar nefndin skýrslu um starf sitt til stjórnar SSÍ.